

**Nd.**

**87. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson.

Löggilt verslunarlóð á Nesi í Norðfirði skal vera 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls á strandlengjunni frá Bakkalæk að Naustalæk, en að öðru leyti með þeim ummerkjum, sem til eru tekin í lögum nr. 19, 22. október 1912.

**Greinargerð.**

Kauptúnið á Nesi hefir á síðari árum vaxið út um takmörk löggiltu lóðarinnar, sem nú er ákveðin 60 faðma á breidd frá fjöru til fjalls, þannig, að nokkur hluti bygðarinnar liggur ofan við takmörkin, en af því hefir leitt, að eigendur húsanna hafa eigi getað notað þau að veði til veðdeildar Landsbankans, með því að þeim fylgja eigi jarðarafnot, og hefir húseigendum verið að þessu mesta ógagn. Fyrir því hefir þess verið óskað af húseigendum þarna og öðrum aðiljum, að takmörk löggiltu lóðarinnar verði færð úr 60 faðma breidd í 330 stikur.